

Allsherjarnefnd Alþingis
b.t. Helgu E. Þórisdóttur nefndarritara
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. nóvember 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 20/1992, 44. mál.

Með bréfi dagsettu 21. október sl. var Dómstólaráði sent til umsagnar framangreint frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 20/1992.


Dómstólaráð hefur tekið frumvarpið til skoðunar. Ráðið vísar til fyrri umsagnar sinnar um frumvarpið er fram kom í bréfi ráðsins dags. 18. mars sl.

Efnislegar athugasemdir varða einkum 7. gr. frumvarpsins. Ráðið leggur til að greinin orðist svo:

„Fulltrúi barnaverndarnefndar getur sótt dómþing með aðilum, óski þeir þess”.
Ekki þykir eðlilegt, að fulltrúar barnaverndarnefnda hafi heimild til að sækja lokuð þinghöld í málum sem þessum, í trássi við vilja málsaðila.

Þá vill Dómstólaráð einnig benda á mikilvægi þess að endurskoðuð verði refsíákvæði barnalaga.

F.h. Dómstólaráðs



Elín Sigrún Jónsdóttir
framkvæmdastjóri